



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknasjóður HÍ

Ferðastyrkir til doktorsnema

Stjórn Rannsóknasjóðs auglýsir ferðastyrki fyrir doktorsnema við Háskóla Íslands. Styrkjunum er ætlað að aðstoða doktorsnema við að standa straum af kostnaði við ráðstefnuferðir erlendis á almanaksárinu 2020. Faglegt framlag á ráðstefnu er meginforsenda fyrir styrkveitingu. Þó er einnig hægt að sækja um styrk fyrir námskeiði eða sumarskóla erlendis á sama almanaksári. Þátttaka í ráðstefnu gengur þó að jafnaði fyrir við forgangsörðun og úthlutun styrkja.

Ljóst er að alþjóðlegt ráðstefnuhald, rétt eins og aðrir viðburðir og samkomur, komi til með að riðlast næstu misseri vegna útbreiðslu COVID-19 veirunnar um heimsbyggðina og aðgerða stjórnvalda gegn henni. Mörgum ráðstefnum, sem halda átti á næstu vikum og mánuðum, hefur þegar verið frestað og sumum jafnvel aflýst. Þó er ljóst að margir ráðstefnuhaldarar með viðburði dagsetta síðar á árinu hafa í hyggju að halda sínu striki þar til annað kemur í ljós.

Doktorsnemar eru því hvattir til þess að sækja um styrk fyrir þeim ráðstefnum sem þeir hafa ýmist þegar tekið þátt í á almanaksárinu; vegna ráðstefna þar sem enn er opið fyrir umsóknir um faglegt framlag eða annarra viðburða sem eftir á að auglýsa formlega með ráðstefnukalli.

Upphæð styrks er 100.000 kr fyrir árið 2020.

Umsóknarfrestur er til **1. maí 2020**.

[Nánar um ferðastyrki til stúdenta í doktorsnámi](#)

[Svavar Steinarr Guðmundsson](#) hjá Vísinda – og nýsköpunarsviði veitir nánari upplýsingar.



UNIVERSITY OF ICELAND

UI Research fund

Travel grants for doctoral students

The board of the UI Research fund announces grants for travel expenses. The grants are intended to assist recipients with travel costs regarding conferences abroad in 2020. The applicant is expected to have a presentation or other academic contribution at the conference he/she applies for. It is also possible to apply for travel costs regarding courses or summer schools abroad in 2020. However, the general premise for the grant allocation is that applications due to courses or summer schools come secondary to applications due to conferences. In other words, academic participation in a conference (presentation, poster or other academic contribution) is a key element of prioritization for the grant allocation.

It is clear that a large number of international conferences, just as other events and gatherings, on the 2020 calendar year have been postponed or even cancelled due to the spread of the COVID-19 virus around the world and actions governments have had to take in response to it. However, many conference holders with events later in the year intend to carry on with their schedules until further notice.

PhD students are therefore encouraged to apply for these travel grants for conferences they have already participated in, or for conferences that are still open for papers or have yet to formally announce their call for papers deadline.

The amount of the grant is 100.000 ISK for the calendar year 2020.

The deadline for applications is **May 1st 2020**.

[Further information about the travel grants on the UoI Grants and Funds website](#)

Contact [Svavar Steinarr Guðmundsson](#) at the Division of Science and Innovation for further information.